



**REYKHÓLAHREPPUR**

## Framkvæmdaleyfi

vegna vatnsaflsvirkjunar í Múlaá í Garpsdal

**Leyfisveitandi:**

Reykhólahreppur  
kt. 440787-2589  
Maríutröð 5a, Reykhólum  
380 Reykhólahreppi

**Leyfishafi:**

AB-Fasteignir ehf.  
kt. 540909-2450  
Smiðjuvegi 11  
200 Kópavogi

Maí 2021

Með vísan til reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna vatnsaflsvirkjunar við Múlaá í Garpsdal og umsóknar AB-Fasteigna ehf., kt. 540909-2450, Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi, sbr. umsókn dags.

12.03.2021, er hér með gefið út framkvæmdaleyfi, til handa AB-Fasteignum ehf.

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps á nýju deiliskipulagi dags. 26.01.2019 en hið nýja deiliskipulag öðlaðist gildi þann 6. apríl 2021 með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Ennfremur skv. samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps um útgáfu framkvæmdaleyfis á fundi sínum þann 15. apríl 2021.

Umfang verksins er skv. gildandi deiliskipulagi svæðisins sem er hnittsett og skv. öðrum hönnunargögnum s.s. sniðteikningum og grunnmyndum burðarvirkis og inntaksmannvirkis dags 30.04.2021. Einnig þvíðum teikningum af stíflumannvirki með inntaki, jöfnunarþró og flóðavari dags. 30.04.2021 auk annarra hönnunargagna tengdum virkjunarframkvæmdum.

### **Skipulagslegar forsendur leyfisveitingar**

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018, s.br. breytingu sem samþykkt var í sveitarstjórn, dags. 19.11.2020 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 12.03.2021.

### **Forsendur í lögum og reglugerðum fyrir leyfisveitingu**

Leyfið er gefið út á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, gildandi deiliskipulagi fallvatnsvirkjunar við Múlaá og úrskurðar Skipulagsstofnunar dags. 17.09.2020 um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Eftirlit með framkvæmdum**

Skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í samræmi við forsendur og útgefin leyfi.

### **Verkþættir eru eftirtaldir:**

1. Samkvæmt liðnum inntaksmannvirki og inntaksþró í deiliskipulagi:  
Inntaksmannvirki og safnþró verða niðurgrafin, mannvirkið mun þó standa að hluta upp fyrir aðliggjandi landi, hæst um 2 m. Vatnsrennsli að inntaksmannvirki er meira en áætluð nýting og mun umframvatn renna um yfirfall í núverandi farveg að Garpsdalsvatni. Ekki eru um að ræða miðlun né lóð. Sýnileiki mannvirkisins er lítill og er það fyrirferðarlítið í umhverfinu.
2. Samkvæmt liðnum aðkoma í deiliskipulagi:  
Aðkoma að svæðinu er af Garpsdalsvegi (620) eftir núverandi slóðum, bæði upp eftir dalnum og niður á láglandi í átt til sjávar. Slóðinn sem liggur niður af veginum verður nýttur sem aðgengi að stöðvarhúsi en ekki er gert ráð fyrir að brúa ána heldur farið yfir á núverandi vaði. Þegar komið er yfir ána er gert ráð fyrir stuttri heimreið að stöðvarhúsinu. Núverandi vegslóðar verða lagfærðir ef þörf er á. Ekki er um nýlagningu að ræða.
3. Samkvæmt liðnum fallpípa í deiliskipulagi:

Fallpípa frá inntaksmannvirki verður öll niðurgrafin um 2.060 m að lengd frá inntaksmannvirki að stöðvarhúsi. Við lagningu pípunnar verður grafinn skurður að meðaltali um 2,2 m á dýpt. Skurðurinn verður fleyglaga til að forðast hrun.

4. Samkvæmt liðnum frárennsli í deiliskipulagi:

Frárennsli út í farveg Múlaár verður um 70m en grafinn verður grunnur farvegur frá stöðvarhúsinu að ánni. Farvegurinn verður um 2,2 m á breidd og um 30-40 cm djúpur og er áætlað magn efnis um 60 m<sup>3</sup>. Efnið, ármöl, sem fellur til við framkvæmdina verður borið í vegslóða frá vaði að stöðvarhúsi.

**Skilyrði fyrir framkvæmdaleyfinu skv. 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 eru að:**

1. Við frágang jarðvinnu skal leitast við að afmá ummerki framkvæmdarinnar.
2. Að ekki verði hróflað við fornminjum á svæðinu.
3. Að framkvæmdin samræmist samþykktum hönnunargögnum, sbr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
4. Að tilkynnt verði eftirlitsaðila sveitarfélagsins, ef fyrirhugaðar eru breytingar á framkvæmd og leitað samþykkis áður en hafist er handa við fyrirhugaðar breytingar.
5. Að þýðingarmiklar breytingar á fyrirhuguðum framkvæmdum og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og að hún skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum, verði tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um það hvort breytingarnar séu þess eðlis að þær breyti forsendum ákvörðunar um matsskyldu og að taka þurfi málið upp að nýju.
6. Að grenndargróður verður nýttur þar sem það á við.
7. Þess verður gætt að raska ekki lífríki eða jarðminjum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
8. Tryggt verður að framkvæmdir raski ekki vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi.


**Gildistími framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið gildir til 12.05.2022 frá og með dagsetningu þessa bréfs, að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram í bréfinu. Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

**Framkvæmdaleyfsgjald:**

AB-fasteignir ehf. greiði framkvæmdaleyfisgjald skv. gjaldskrá Reykhólahrepps.

Virðingarfyllst,

  
Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps

